



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

UMFERÐARSTOFA STYKKISHÓLMI

SKILAGREIN

SEPTEMBER 2007



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

UMFERÐARSTOFA STYKKISHÓLMI

SKILAGREIN

SEPTEMBER 2007



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1.0 UNDIRBÚNINGUR.....	3
1.1 Lýsing framkvæmdar.....	3
1.2 Frumathugun	3
1.3 Áætlunargerð	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað.....	5
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	5
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar.....	5
2.2 Framvinda	5
2.3 Eftirlit og úttektir.....	6
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	6
3.1 Heildarkostnaður	6
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR	6
4.1 Árangur framkvæmdarinnar	6
4.2 Staðfesting skilagreinar	6

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður gerð grein fyrir breytingum á flugstöð í Stykkishólmi fyrir Umferðarstofu, sem unnar voru á árinu 2007.

Verkefnið barst Framkvæmdasýslu ríkisins frá Umferðarstofu í janúar 2007. Óskað var eftir að FSR ynni frumathugun vegna verksins og eftir samþykkt hennar hafði FSR umsjón með verðkönnun og að henni lokinni með verk-samningi og verklegri framkvæmd.

Verkkaupi var Umferðarstofa sem er ein af undirstofnunum Samgönguráðuneytis.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón og eftirlit með verkefninu fyrir hönd verkkaupa. Verkefnisstjóri var Gíslína Guðmundsdóttir hjá FSR.



Flugstöðin fyrir breytingu.

1.2 Frumathugun

Stjórnvöld hafa mælst til þess við opinberar stofnanir að þær leiti leiða til að flytja starfsemi eða stöðugildi út á land. Í Stykkishólmi var byggð lítil flugstöð á sínum tíma en flug lagt niður skömmu síðar og hefur byggingin staðið að mestu auð síðan. Í lok árs 2001 var ákveðið að leigja hluta byggingarinnar undir aðstöðu fyrir Rannsóknarnefnd sjósýsla. Byggingin er nú í eigu Flugstöða ohf. sem tók til starfa 1. janúar 2007 og sinnir flugleiðsögubjónustu og rekstri flugvalla.

Í frumathugun er fjallað um hugmyndir Umferðarstofu um að koma fyrir hluta af starfsemi sinni í byggingunni, það er skráningu umferðarslysa. Starfsmannafjöldi var miðaður við að yrði til að byrja með sem svarar til tveggja stöðugilda. Húsnæðisáætlun gerði ráð fyrir að aðstaðan yrði þrjár til fjórar starfsstöðvar auk geymsla, alls um 85 fermetrar, sem leigðir yrðu í fyrrnefndu húsnæði Flugstöða.

Kostir fyrrnefndrar lausnar voru einkum eftirfarandi: Í fyrsta lagi uppfyllir hún ósk stjórnvalda um flutning á starfsemi út á land. Í öðru lagi fæst nýting á húsnæði í eigu ríkisins sem hefur staðið ónotað. Í þriðja lagi krefst lausnin lítilla breytinga á viðkomandi húsnæði. Lausnin er því í heild hagkvæm.

Heildarkostnaður í frumathugun var áætlaður um 5 milljónir króna og því undir útboðsmörkum.


Niðurstaða frumathugunar um var að húsnæðið væri hentugt fyrir þessa starfsemi með frekar litlum breytingum.



Breyting utanhúss.



Innrétting í byggingunni fyrir breytingu.



Grunnmynd byggingar eftir breytingu.

1.3 Áætlunargerð

Hönnun

Umfang breytinganna var skilgreint og náði í stuttu máli til eftirfarandi þátta: Skipt var um gólfefni að hluta til og reistir nýir veggir, loftaklæðning sett upp og einnig nýir sólbekkir og innihurðir. Fjarlægja varð innkeyrsluhurð og

í gatið settur upp hluti útveggjar með klæðningu og gluggum í samræmi við aðra hluta hússins. Sett var í allt húsið nýtt vatns- ofnakerfi vegna inntöku hitaveitu, rafmagns- ofnar voru fjarlægðir, og settar upp nýjar raf- og tölvulagnir, rennur, lampar, töfluskápur, tenglar og rofar. Loft og veggir og gluggar málaðir.

Ráðgjafar

Eftirtaldir ráðgjafar unnu við verkefnið:

Aðalhönnuður var Benjamín Magnússon, arkitekt, sem teiknað hafði flugstöðina á sínum tíma. Einnig komu að verkinu Verkfræðistofurnar Lagnatækni og RTS.

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR í lok áætlunargerðar, í júní 2007, var 7,0 milljónir króna með virðisaukaskatti.



2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 23. febrúar 2007, að þar sem verkið væri undir útboðsmörkum, mætti ljúka áætlunargerð og að henni lokinni mætti hefja verklegan hluta framkvæmdarinnar.

Í verðkönnunargögnum var lýst eftirfarandi verkþáttum.

Frágangur utanhúss:

Innkeyrsluhurð fjarlægð ásamt hurðarbúnaði og nýr útveggur byggður með klæðningu og gluggum með öllum frágangi, búnaði og málun.

Frágangur innanhúss:

Eldri gólfefni fjarlægð og nokkrar innréttingar. Reistir nýir veggir, parket lagt á gólf, loft klædd að hluta, nýir sólbekkir og innihurðir. Málun.

Hitalagnir:

Nýtt vatnsloftakerfi sett í allt húsið og nýtt hitaveituinntak.

Raflagnir:

Lampar fjarlægðir og allir rafmagnsloftakerfi. Nýir lampar, settir upp ásamt tenglarennu, raflögnum og tölvulögnum.

Gerð var verðkönnun á meðal sjö verktaka á viðkomandi svæði. Einungis barst tilboð frá einum verktaka, Þ.B Borg ehf. í Stykkishólmi, sem hefur séð um allar breytingar á Flugstöðinni hingað til og þekkir vel aðstæður.

Tilboð voru opnuð 4. apríl 2007. Einungis eitt tilboð barst, og hljóðaði það upp á 8.654.996 krónur. Kostnaðaráætlun var 4.538.177 krónur og var því tilboðið um 95% yfir kostnaðaráætlun og var því hafnað og boðið til samningskaupa. Niðurstaða samningskaupa varð að tilboð verktaka lækkaði í 5.647.036 krónur sem er um 25% yfir kostnaðaráætlun.

Niðurstöður útboðs	kr.	hlutfall
Þ.B. Borg ehf.	5.647.0360	125,0%
Kostnaðaráætlun	4.538.1770	100,0%

Þann 15. maí 2007 var fyrrgreindu tilboði verktaka tekið og gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því.

2.2 Framvinda

Verkið hófst við töku tilboðs 15. maí 2007 og samkvæmt samningi átti því að ljúka, 1. júlí 2007, en sótt var um og samþykkt frestun á afhendingu til 15. júlí.

Kostnaður vegna breytinga á magntölum eða aukaverkum var alls 391.910 krónur.



2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdunum hafði Gíslína Guðmundsdóttir, starfsmaður FSR.

Lokaúttekt FSR fór fram 24. júlí 2007, að viðstöddum verktaka, eftirlitsmanni, aðalhönnuði og tengilið verkkaupa.



3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Heildarkostnaður

Heildarkostnaður sem bókaður var hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, á verðlagi hvers árs, var 6.946.043 krónur og þar af var framkvæmdakostnaður 5.843.040 krónur. Ekki er innifalinn í þessum fjárhæðum kostnaður við vinnu arkitekts, en hann var greiddur beint af verkkaupa.

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Árangur framkvæmdarinnar

Framkvæmdirnar tókust vel og gæði verks urðu eins og að var stefnt.

4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri